

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarn-
arlaun skipaðs verjanda síns, kr. 4.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 28. apríl 1971.

Nr. 126/1970. Íslenzkir Aðalverktakar s/f

(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)

gegn

Jóni Friðriki Oddssyni og gagnsök

(Þorvaldur Þórarinnsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Vinnuslys. Skaðabótamál. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 30. júní 1970, birtri 31. ágúst 1970. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 9. september 1970. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 612.258.00 með 7% ársvöxtum frá 21. marz 1963 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, allt að frádregnum kr. 47.517.00.

Eins og í héraðsdómi er rakið, var gagnáfrýjandi iðnlærður bifvélavirki, en samstarfsmaður hans hafði eigi iðnréttindi. Bar gagnáfrýjanda því sérstaklega að gæta öryggis við verk það, sem unnið var í umrætt sinn, meðal annars sjá til þess, að þurrkuð væri upp olía af verkstæðisgólfinu, ef um slíkt var að tefla og orsakaði hættu. Slys það, sem um er fjallað í máli þessu, verður ekki rakið til vanbúnaðar á vinnustað, bilunar á tækjum aðaláfrýjanda, handvammur starfsmanna

hans né annarrar áhættu, er hann telst bera ábyrgð á. Verður því að sýkna aðaláfrýjanda af kröfum gagnáfrýjanda, enda þykir sú vanræksla aðaláfrýjanda að tilkynna Öryggiseftirliti ríkisins eigi um slysið ekki fella á hann fébótaábyrgð, en löggæzlumenn voru þegar eftir slysið kvaddir til að skoða vettvang og taka skýrslur af mönnum.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Gagnasöfnun í máli þessu var talið lokið 24. maí 1966, en málið var eigi munnlega flutt fyrr en 9. febrúar 1970. Verður að víta þennan óhæfilega drátt á rekstri málsins.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Íslenzkir Aðalverktakar s/f, skal vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Jóns Friðriks Oddssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. apríl 1970.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, hefur Jón Friðrik Oddsson, Hæðargarði 14, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 25. júní 1965, gegn Íslenzkum Aðalverktökum s/f, Lækjargötu 10 B, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 482.753.00 auk 7% ársvaxta frá 21. marz 1963 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt taxta L. M. F. Í., allt að frádregnum kr. 47.517.00, sem eru bætur, er stefnandi hefur þegar fengið greiddar hjá Tryggingastofnun ríkisins. Þá er stefnt til réttargæzlu Samvinnutryggingum s/f, Ármúla 3, Reykjavík, sem ábyrgðartryggjanda Íslenzkra Aðalverktaka s/f.

Við munnlegan flutning málsins gerði lögmaður stefnanda þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 612.258.00 auk 7% ársvaxta frá 21. marz 1963 til greiðsludags svo og málskostnað að skaðlausu samkvæmt taxta L. M. F. Í., allt að frádregnum kr. 47.512.00, svo sem áður greinir.

Þessa hækkun stefnukröfunnar nú kvað lögmaður stefnanda stafa af hækkun vegna endurútreiknings á örorkutjóni stefnanda auk nýs reiknings fyrir það starf.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar aðallega, að stefndi

verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður úr hendi hans að mati dómsins. Til vara er þess krafizt af hálfu stefnda, að dómkröfur stefnanda verði stórlega lækkaður og málskostnaður þá látinn niður falla. Þá er þess krafizt af hálfu stefnda, að vextir reiknist 6% frá 1. janúar 1965, ef til sakaráfalls kemur. Við munnlegan flutning málsins hefur af hálfu stefnda auk þess verið krafizt, að ef til sakaráfalls kæmi, yrðu vextir látnir niður falla, eða a. m. k. ekki dæmdir lengra aftur í tímann en frá stefnudegi.

Af hálfu stefnda Samvinnutrygginga eru engar kröfur gerðar, enda engum kröfum að þeim beint.

Málavöxtum er þannig lýst í stefnu, að hinn 21. marz 1963 hafi stefnandi, sem er bifvélavirki, verið að vinna við bílaviðgerðir á bílaverkstæði stefnda á Keflavíkurflugvelli. Hafi hann verið að vinna við að skipta um „boddyfestingu“ á bifreiðinni J 223 ásamt Hafsteini Snæland. Hafi þeir byrjað að „tjakka“ bílinn upp og taka hægra framhjólíð undan honum og síðan sett bókka undir grindarhornið að framan. Eftir það hafi þeir fært „tjakkinn“, sem hafi verið á hjólum, inn undir brettið, og hafi þeir sett trékubb, sem verið hafi að lengd $17.5 \text{ tommur} \times 6 \times 3\frac{1}{2} \text{ tommur}$ á milli „tjakkisins“ og húsbitans, svo að þeir gætu lyft húsinu upp. Síðan hafi stefnandi farið inn undir brettið og losað boltann, sem gengur í gegnum festinguna. Er stefnandi hafi lokið því og verið að fara undan brettinu, þá hafi hann rekið fótinn í „tjakkinn“, sem við það hafi runnið til. Til þess að verja sig falli, hafi stefnandi sett hendurnar fyrir sig, en þá orðið á milli húsfestingar og púðaskálar með þumalfingur vinstri handar með þeim afleiðingum, að hann hafi skaddað það mikið á fingrinum, að húð og hold hafi tekið af honum, og nú vanti tæpa kjúku framan á fingurinn. Af þessum sökum sé stefnanda metin 15% varanleg örorka og sé mál þetta höfðað til heimtu skaðabóta vegna slyss þessa, sem stefnandi telji stefnda bera fébótaábyrgð á sakir óforsvaranlegrar vinnuaðstöðu og ófullnægjandi verkstjórnar.

Stefnandi sundurliðar stefnukröfuna sem hér segir:

1. Vinnutekjutap samkvæmt útreikningi Þóris Bergs-sonar, cand. act., samtals kr. 565.508.00
2. Bætur fyrir þjáningar, lýti og röskun á stöðu og högum — 40.000.00
3. Reikningur, þ. e. vottorð, Jóns K. Jóhannssonar læknis — 1.000.00

4. Matsgerð Páls Sigurðssonar yfirlæknis	kr. 1.000.00
5. Reikningar Þóris Bergssonar, cand. act.	— 4.750.00

Samtals kr. 612.258.00

Í skýrslu Alberts Albertssonar lögregluvarðstjóra, dagsettri sama dag og áðurgreint slys átti sér stað, eða hinn 21. marz 1963, segir svo:

„Um kl. 10.20, er undirritaður var á verði á varðstofu, hringdi á varðstofuna Jón Þórðarson, vaktmaður Íslenzkra Aðalverkataka, og tilkynnti hann, að starfsmaður, sem ynni á bílaviðgerðarverkstæðinu hjá verktökunum, hefði slasast á hendi, er hann hefði verið að vinnu við bifreið á verkstæðinu, og hefði maðurinn verið fluttur til Sjúkrahúss Keflavíkur, og óskaði Jón eftir lögreglu-rannsókn í sambandi við slysið. Undirritaður fór strax á staðinn, og voru verksummerki óbreytt frá því, að slysið skeði. Sá, sem fyrir slysinu varð, var Jón Fr. Oddsson, til heimilis að Hæðargarði 14, Reykjavík, og hafði hann verið að vinnu við vörubifreiðina J 223 ásamt Hafsteini Snæland, sem á heimili að Sjónarhóli, Vatnsleysuströnd, og skýrði Hafsteinn svo frá atvikum: Hefðu þeir verið að vinna við að tjakka bifreiðina upp til þess að losa húsfestingu hægra megin frá grindinni, og við það notuðu þeir stóran góltjakk, sem er á hjólum, en þar sem tjakkurinn náði ekki upp í bílhúsið til þess að geta lyft húsinu frá grindinni, notuðu þeir viðarkubb, sem var á lengdina 17,5 tommur og á breidd $6 \times 3,5$ tommur, og settu kubbinn upp á endann ofan á tjakkinn og hugðust lyfta húsinu frá grindinni með þeim hætti. Kvaðst Hafsteinn hafa verið við tjakkinn, en Jón hefði verið við að losa festinguna, þegar húsið lyftist frá grindinni, en þá hefði óhappið viljað til, að tjakkurinn rann undan, og hefði Jón lent með þumalfingur vinstri handar milli hússins og grindarinnar. Atburðurinn skeði um kl. 9.55 og hefði Jón strax verið fluttur til Sjúkrahúss Keflavíkur, og kvaðst Hafsteinn halda, að fremsti köggull fingursins hefði aðeins orðið á milli. Ekki kvað Hafsteinn aðra sjónarvotta vera að slysinu en hann sjálfan.

Aðspurður kvaðst Hafsteinn ekki hafa fengið nein fyrirmæli frá verkstjóra verkstæðisins um að nota viðarkubbinn til þess að framlengja ofan á tjakkinn. Það væri bara ætlað til þess, að menn björguðu sér sem best, og ekki kvaðst Hafsteinn hafa látið neitt fyrir hjól tjakksins, svo að hann gæti ekki runnið, en gólf er þarna steinsteypt og eggslétt.

Verkstjóri bifreiðaverkstæðisins er Þormar Guðjónsson, heimili Tunguvegi 6, Ytri-Njarðvík“.

Samkvæmt skýrslu Sigurðar Sigurðssonar yfirvarðstjóra, dagsettri 2. apríl 1963, hefur stefnandi skýrt honum frá málavöxtum á þessa leið: „Um kl. 10, fimmtudaginn 21. marz 1963, var komið með bifreiðina J 223 í bifreiðaverkstæði Aðalverktaka á flugvellinum vegna bilunar. Var húsfesting hægra megin að framan brotin. Sá, sem kom með bifreiðina, heitir Hjörvar. Lét hann þess getið, að það lægi á, að viðgerðinni væri hraðað, þar sem bifreiðin ætti að fara vestur á Hellissand sama dag. Verkstjórinn í bifreiðaverkstæðinu heitir Þormar Guðjónsson. Leitaði Hjörvar að honum um allt verkstæðið, en fann hann ekki. Fór þá Hjörvar út á véladeild, þar sem yfirmenn bifreiðastjóranna voru. Kom hann með þau skilaboð þaðan til mín, að ég sæi um, að viðgerð þessi færi fram, eins fljótt og unnt væri. Tók ég því næst verkið að mér ásamt Hafsteini Snæland. Framkvæmdi ég svo verkið, eins og í skýrslu þeirri greinir, er Jón Þórðarson, öryggisvörður hjá Aðalverktökum, tók af mér í sambandi við slysið. Ástæðan fyrir því, að ég rann til, var sú, að olíupollur var á gólfinu, þar sem ég var að vinna, og rann ég til í honum. Hvenær sá olíupollur kom, veit ég ekki. Einnig get ég sjálfur ekki gert mér grein fyrir því, hvernig ég varð á milli með fingurinn.

Ég slasaðist mjög mikið á þumalfingri vinstri handar. Fremsta köggulinn tók að mestu af strax, og holdið tættist af þeim hluta fingursins, sem eftir var. Ég var færður til Jóns Jóhannssonar, sjúkrahúslæknis í Keflavík, sem bjó um meiðslin, og hefur hann fylgzt með þeim síðan.

Ég hefi starfað í umræddu bifreiðaverkstæði um eins árs skeið. Hefur það verið algengt að nota þessa aðferð við viðgerðir á bifreiðum þessarar tegundar, þ. e. a. s. setja kubb ofan á tjakkinn, svo að hægt sé að lyfta húsinu frá grindinni“.

Í skýrslu sinni á dskj. nr. 5 í málinu skýrir stefnandi svo frá atvikum að umræddu slysi: „Ég undirritaður var að vinna við að skipta um boddýfestingu á bifreiðinni ásamt Hafsteini Snæland. Byrjuðum við að tjakka bílinn upp og taka hægra framhjólið undan honum og settum síðan búkka undir grindarhorn að framan. Færðum við síðan tjakkinn, sem er á hjólum, inn undir brettið, eins og myndin sýnir, og settum tréklubb, sem er að lengd 17,5" 6×3½" á milli tjakksins og húsbítans, svo að við gætum lyft húsinu upp. Fór ég síðan inn undir brettið og losaði boltann, sem gengur í gegnum festinguna. Þegar ég var

búinn að því, var að fara undan brettinu, þá rak ég fótinn í tjakkinn, en við það rann tjakkurinn til, og til að verja mig falli þá setti ég hendurnar fyrir mig og varð þá á milli húsfestingar og púðaskálar með þumalfingur vinstri handar, og slasaðist ég mikið á fingrinum“.

Í skýrslu Hafsteins Snælands á dskj. nr. 6 um atvik að umræddu slysi segir svo: „Ég undirritaður átti að skipta um boddýfestingu á bifreiðinni J 223, og það ég verkstjórann, Jón Oddsson, að aðstoða mig við það verk. Byrjuðum við á því að tjakka bílinn upp og taka hægra hjólið af honum og settum síðan búkka undir stuðarann. Þegar við vorum búnir að því, þá færðum við tjakkinn inn undir húsið að framan, eins og myndin sýnir, og settum trékubb á milli tjakksins og húsbitans, svo að við gætum lyft húsinu upp. Var Jón Oddsson að losa púða, sem festingin gengur í gegnum, með höndunum, um leið og ég tjakkaði húsið upp, en allt í einu rann tjakkurinn út undan sér, og féll þá húsið niður, og um leið varð Jón Oddsson á milli hússins og púðaskálarinnar með þumalfingur vinstri handar, og slasaðist hann mikið á fingrinum“.

Í aðiljaskýrslu á dskj. nr. 7 skýrir stefnandi svo frá: „Til viðbótar skýrslu þeirri, er Sigurður Sigurðsson yfirvarðstjóri, Keflavíkurflugvelli, tók af mér 2. apríl 1963 í sambandi við slys það, er ég varð fyrir 21. marz á Keflavíkurflugvelli, vil ég taka þetta fram: Þegar umrætt slys átti sér stað, vann ég hjá Íslenzkum Aðalverktökum sem venjulegur bifvélavirki, en ekki sem verkstjóri, svo sem ráða mætti af skýrslu þeirri, er starfsfélagi minn, Hafsteinn Snæland, gefur sem vitni að atburðinum. Staðreyndin er sú, að ég bar enga persónulega ábyrgð á vinnuskilyrðum né vinnutilhögun á staðnum. Ákvarðanir um allt slíkt voru teknar af yfirmönnum mínum án minnar vitundar. Verkstjóri minn á þessum tíma var Þormar Guðjónsson yfirverkstjóri, og tók ég við fyrirskipunum frá honum á sama hátt og aðrir starfsmenn. Tekið skal fram, að um þessar mundir starfaði ég nær eingöngu við lagfæringar og viðgerðir á dieselvélum, bæði innan verkstæðisins og utan, en að öðru leyti sinnti ég þeim verkefnum, sem til féllu á hverjum tíma. Ekki er í mínum verkahring að þrifa gólf á vinnustað. Til þess voru sérstakir menn, og geri ég ráð fyrir, að þeim hafi verið skylt að vinna það verk þannig, að eigi stafaði hættu af. Geri ég ráð fyrir, að pollur sá, sem ég rann í, hafi annað hvort verið þarna, um leið og ég hóf starfið eða þá að um leka á bifreiðinni sjálfri hafi verið að ræða, þó að ég hafi ekki veitt

því athygli, enda skipti þetta nær engum togum, og ég var ekki sjónarvottur að því, þegar bifreiðinni var ekið á verkstæðið. Aðstaða var ekki góð til þess að sjá slíkt nákvæmlega, þar sem ég var að bogra og teygja mig við vinnu mína undir bifreiðinni. Tekið skal fram, að ég og félagi minn fórum að öllu leyti eins að og við vorum vanir og alls staðar tíðkast, og sjálfan mig tel ég hafa sýnt fyllstu aðgæzlu“.

Aðilja- og vitnayfirheyrsla hefur farið fram í máli þessu.

Vitnið Hafsteinn Snæland bifreiðarstjóri hefur fyrir dómi staðfest skýrslu sína á dskj. nr. 6, og kveðst vitnið hafa samið greint skjal á sama degi og slysið varð. Kveður vitnið greint skjal efnislega sannleikanum samkvæmt að öllu leyti, en þó megi vera, að þeir stefnandi hafi báðir átt að sjá um verkið, en ekki vitnið eitt. Vitnið lýsir aðstöðunni, er hús umræddrar bifreiðar var „tjakkad“ upp, þannig, að flöturinn, sem „tjakkurinn“ hafi numið við, hafi verið láréttur, að því er vitnið heldur, en hins vegar hafi trékubburinn, sem settur hafi verið á milli „tjaks“ og húss, verið látinn standa upp á endann.

Vitnið getur ekkert um það sagt, hvort endi trékubbsins hafi náð út á barma skálar þeirrar, sem er á lyftiarmi „tjaksins“. Vitnið kveður, að hlutir, ferkantað járn, að því er það minnir, hafi verið sett a. m. k. fyrir framan framhjólin á „tjakknum“, þannig að járnstöngin hafi náð út fyrir bæði hjólin í einu, og sennilega, að því er vitnið minnir, hafi eitthvað verið sett aftan við, a. m. k. annað framhjólið. Vitnið kveðst hafa verið að hækka „tjakkinn“, er slysið varð, en stefnandi hafi að einhverju leyti verið undir bílnum til að fylgjast með því, hve „boddyið“ þyrfti að fara hátt, til þess að hann næði gúmmíunum undan. Hafi þá „tjakkurinn“ skyndilega runnið til. Vitnið kveður stefnanda hafa haft orð á því, strax og hann kom undan bílnum, að hann hafi runnið til í olíu á gólfinu og rekizt í „tjakkinn“. Vitnið kveðst ekki muna, hvort trékubburinn hafi verið nákvæmlega í lóðréttri stöðu, er vitnið vildi hækka „tjakkinn“, en kveður þó, að þeir hafi gætt þess að hafa stöðuna sem næst lóðréttu, en í þessu sambandi breytist afstaða kubbsins eftir því sem „tjakkad“ er hærra. Vitnið kveður gólfið á verkstæðinu vera slétt og gott og kveðst ekki muna sérstaklega eftir neinum olíupolli í þetta sinn. Hins vegar sé á það að líta, að margs konar feiti kunni að hafa komið á gólfið, t. d. „glussi“ úr „tjakknum“ sjálfum, smurningur eða olía úr bíl, sem hafi staðið þar um nóttina. Kveður vitnið, að sérstakur maður á verkstæðinu eigi að þrifa það, þar á meðal

að taka olíu af gólfunum. Vitnið kveðst ávallt hafa litið á stefnanda sem verkstjóra eða verkformann. Að vísu sé það svo, að einn sé aðalverkstjóri hjá stefnda, en svo sé talað um verkstjóra yfir hinum einstöku deildum hjá stefnda. Vitnið kveðst ekki hafa verið eitt um það að líta á stefnanda sem verkformann, enda hafi stefnandi verið með réttindi, og vitnið kveðst ávallt hafa leitað til hans, ef kunnátta þess hafi brostið. Vitnið kveðst hins vegar ekki um það vita, hvort stefnandi hafi í raun og veru verið verkstjóri, og geti þetta vel verið sinn misskilningur, en þá sé á það að líta, að fleiri hafi misskilið þetta atriði. Vitnið segir að gefnu tilefni, að þeir stefnandi hafi unnið verk þetta saman og hvorugur stjórnað hinum í þessu sambandi. Hafi þeir báðir reynt að fylgjast með afstöðunni, þegar „tjakkað“ hafi verið upp í umrætt sinn, en stefnandi hafi þá verið undir bílnum. Vitnið tekur fram, að þegar umrætt slys hafi orðið, hafi „tjakkurinn“ skotizt undan bílnum af mjög miklum krafti. Þá segir vitnið sérstaklega aðspurt, að stefnandi hafi í raun ákveðið afstöðu kubbsins milli „tjaks“ og húss, og kveðst vitnið hafa „tjakkað“ upp eftir bendingum frá stefnanda.

Stefnandi hefur fyrir dómi staðfest skýrslur sínar á dskj. nr. 5 og 7. Kveðst hann hafa samið skýrslur þessar báðar og kveður þær efnislega vera sannleikanum samkvæmar. Skýrir stefnandi svo frá, er hann kom fyrir dóm í máli þessu, að eftir að búið hafi verið að taka hjólið undan og búkki settur undir grindarhornið, hafi „tjakkurinn“ verið færður til og settur undir húsgrindina. Stefnandi segir, að sá flötur, sem efri endi kubbsins hafi numið við, hafi verið láréttur. Stefnanda minnir, að Hafsteinn Snæland hafi séð um að „tjakka“ upp, en hann kveðst ekki muna fyrir víst, hvor þeirra hafi séð um afstöðu kubbsins, sem hafi staðið upp á endann. Hugsanlegt sé, að nefndur Hafsteinn hafi séð um það með því að teygja sig í kubbinn, um leið og hann hafi „tjakkað“. Stefnandi segir, að á skálinni á lyftiarmi „tjaksins“ sé aðeins aflíðandi halli inn að miðju og að kubburinn hafi staðið þar, en hafi hins vegar engan veginn komizt ofan í holu þá, sem sé í miðju skálarinnar, en þar sé skálin fest við lyftiarminn. Kveður stefnandi, að eftir að búið hafi verið að „tjakka“ „boddyið“ nokkuð upp, hafi hann losað festingarboltann, sem gangi á milli húss og grindar. Kveðst stefnandi hafa komið með vinkiljárn og sett fyrir framan annað hvort fram- eða afturhjól „tjaksins“, en eitthvert járn hafi verið fyrir framan hin hjól „tjaksins“. Stefnandi segir, að eftir að hann

hafi lokið við að draga festingarboltann upp úr og verið að koma undan bílnum, hafi hann hrasað til og sennilega lent á „tjakknum“ og hann skotizt undan af miklum krafti. Kveður stefnandi sennilegt, að hann hafi hrasað til í „glussa“ úr „tjakknum“, en á „tjakk“ þennan þurfi að bæta „glussa“ öðru hverju. „Tjakkur“ þessi sé stuttur og um það bil 20 ára gamall. Kveðst stefnandi eftir slysið hafa séð olúpolla á gólfinu út um allt. Stefnandi kveður vinnuskilyrði mjög slæm á þessum stað, þar á meðal sé gólfið óslétt mjög, svo vart sé hægt að draga eftir því „hjólatjakk“, og oft sé vatn á gólfinu. Stefnandi kveður aðspurður einungis líklegt, að orsök slyssins hafi verið sú, að hann hafi rekizt í „tjakkinn“, en verið geti, að „boddyið“ hafi dottið niður af öðrum sökum. Stefnandi upplýsir, að næsta skrefið við verkið hafi verið það að setja fleyg milli húss og grindar. Stefnandi kveðst aðspurður hafa verið eini maðurinn í þessari deild með réttindi bifvélavirkja og hafi þannig æxlazt til, að menn hafi til sín leitað og spurt sig ráða, en margir menn vinni þarna einungis stuttan tíma. Stefnandi kveður Þormar Guðjónsson hafa ráðið sig til starfa. Hafi hann ekki verið ráðinn sem verkstjóri eða flokksstjóri, en fengið sveinakaup og að minnsta kosti 15% álag. Á það sé að líta, að ófaglærðir menn, sem þar unnu, hafi haft sveinakaup og 10—25% álag og hafi því ýmsir ófaglærðir menn haft hærra kaup en stefnandi, hafi þeir verið kallaðir flokksstjórar. Í sambandi við starf það, er hér um ræðir, kveður stefnandi, að þeir félagar hafi framkvæmt það sameiginlega og hvorugur fyrirskipað hinum. Kveðst stefnandi ekki hafa kunnað önnur ráð með tilliti til verkfæra þeirra, sem til voru, en að „tjakka“ bílinn upp, svo sem áður er greint.

Eins og fram kemur í málinu, var stefnandi bifvélavirki og því sérfróður í því starfi, sem hann var að vinna, er hann varð fyrir umræddu slysi. Þá hefur og stefnandi viðurkennt, að hann hafi hrasað til og rekið fótinn í „tjakkinn“, sem húsi bifreiðar þeirrar, er hann var að vinna við, var lyft með, með þeim afleiðingum, að „tjakkurinn“ hafi runnið til og húsið fallið niður. Tekur hann þó fram við yfirheyrslu fyrir bæjarþingi, um þremur árum eftir að slysið átti sér stað, að hann telji þetta einungis líklega orsök slyssins, en verið geti, að „boddyið“ hafi dottið niður af öðrum sökum.

Að athuguðu því, sem að framan greinir, þykir ljóst, að stefnandi beri sjálfur að meginhluta ábyrgð á slysi því, sem mál þetta er risið af. Hins vegar er á það að líta, að af hálfu stefnda, Ís-

lenskra Aðalverktaka, var eigi hlutast til um, að fram færi rannsókn á orsökum slyssins, svo sem skylt er samkvæmt 26. gr. laga nr. 23/1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, og liggur því ekki sem skyldi ljóst fyrir, hvort einhverju kann að hafa verið ábótavant af hálfu stefnda í þeim efnum.

Með tilliti til þessa þykir rétt, að fébótaábyrgð vegna umrædds slyss falli að hluta á stefnda, og þykir eftir atvikum hæfilegt að skipta sök þannig, að stefnandi beri sjálfur $\frac{3}{4}$ hluta sakar, en stefndi $\frac{1}{4}$ hluta hennar.

Páll Sigurðsson læknir hefur meðið örorku stefnanda vegna umrædds slyss, og hefur örorkumatíð verið lagt fram sem dskj. nr. 8 í málinu og hljóðar svo:

„Slysið varð með þeim hætti, að slasaði, sem er bifvéla virki, var að vinna á bílaverkstæði Íslenskra Aðalverktaka á Keflavíkurflugvelli og klemmdist þá illa með þumalfingur vinstri handar.

Gert var að slysinu á sjúkrahúsinu í Keflavík, og það liggur fyrir vottorð frá sjúkrahúslækninum, dags. 7/12 1963, þar sem talið er, að um hafi verið að ræða amputatio traumatica partialis pollicis sin. Þar er talið, að slasaði hafi verið óvinnufær u. þ. b. 2 mánuði eftir slysið. Í öðru vottorði frá Jóni Jóhannssyni, dags. 21. nóv. 1963, segir svo: „Jón Friðrik Oddsson, Hæðargarði 14, Reykjavík, leitaði til mín þann 21/3 1963 vegna slyss, er hann hafði orðið fyrir við vinnu sína þann dag. Var Jón að gera við bifreið og klemmdist á vinstri þumalfingri með þeim afleiðingum, að alla húð og hold tók af gripfleti (góm) fremri kjúku og upp á miðja efri kjúku þumalsins.

Gera þurfti skinnflutning til þess að þekja fingurinn, og framkvæmdi undirritaður þá aðgerð eftir nauðsynlega hreinsun og undirbúning á fingrinum. Gekk Jón síðan til mín um sex vikna skeið, og var þá fingurinn gróinn.

Við skoðun í dag kemur í ljós, að kreppa er í fingrinum og hreyfing takmörkuð, eðlilega holdfyllingu vantar alveg þar, sem græða þurfti skinnið á bert bein. Af þessum sökum hefur maðurinn engan veginn full not af vinstri hendi, þar sem hér er um bæklun á þumalfingri að ræða. Tel ég, að ætla meg, að nothæfni handarinnar sé að minnsta kosti 50% minnkuð til grófrar vinnu og um finni vinnu sé ekki að ræða með vinstri hendi“.

Slasaði kom fyrst til viðtals hjá undirrituðum í byrjun desember og til skoðunar hinn 13/12 1963. Hann skýrir frá tilrögum

slyssins og meðferð, eins og lýst hefur verið. Kveðst hafa verið óvinnufær í 2 mánuði, en vinnur nú sama starf og áður.

Núverandi óþægindi: Kvartar um kraftleysi í vinstri hendi. Á erfitt með að nota þumalfingurinn til grips á móti öðrum fingrum handarinnar. Kvartar um, að það strekki á örinu lófamegin á fingrinum og að eymsli séu á örinu og fingurgómnum.

Skoðun: Vinstri hönd. Það vantar tæplega kjúku framan á vinstri þumalfingur. Örmyndun er lófamegin á fingrinum, og er húðin þar föst við bein og hefur, að því er virðist, verið gerður þar skinnflutningur. Naglarhluti situr á enda fingursins, en er kúptur og kartnaglalegur. Það er aðeins hreyfing í millikjúkuliðnum. Nær eðlileg hreyfing er í grunnliðnum. Maðurinn getur ekki fært þumalfingurinn eðlilega frá vísifingri, því að þá strekkir allmjög á örinu og húðinni milli fingranna.

Við grippróf og plockpróf sést, að hann á mjög erfitt með að beita þumalfingrinum móti vísifingri eða öðrum fingrum handarinnar.

Kraftminnkun er greinileg í hendinni, og fást þessar tölur fram með kraftmæli, hægri 40-48-50, vinstri 22-38-30.

Undirritaður sendi slasaða til Árna Björnssonar, sérfræðings í handlækningum, til þess að fá álit hans á því, hvort um væri að ræða aðgerð til að bæta ástand handarinnar, og taldi Árni, að til greina kæmi að flytja betri húð á fingurgóminn, en slasaði hefur lýst því yfir, að hann treysti sér ekki til að leggja út í slíkar aðgerðir að svo stöddu og ekki í næstu framtíð.

Ályktun: Hér er um að ræða 35 ára gamlan mann, sem slasast við vinnu sína fyrir tæpum 9 mánuðum og missir framan af v. þumalfingri.

Sem afleiðingu meiðslisins nú, þá hefur hann allmikla sköddun á vinstri þumalfingri. Hann hefur misst framan af fingrinum tæplega 1 kjúku, en auk þess hefur húð lófamegin á fingrinum skaddast svo, að þar er um að ræða örberði, sem samvaxið er við bein, og er fingurinn mjög lítt hæfur til grips á móti hinum fingrum handarinnar.

Möguleikar virðast á að flytja húð á fingurstúfinn, en slasaði treystir sér ekki til að ganga undir neinar slíkar aðgerðir í fyrirsjáanlegri framtíð.

Vegna slyssins 21. marz 1963 er tímabært að meta manninum tímabundna og varanlega örorku, og telst sú örorka hæfilega metin svo:

Í 1 mánuð	100%	örorka
- 1 —	75%	—
- 1 —	50%	—
- 3 mánuði	25%	—
og síðan varanleg örorka 15%.		

Skulu nú einstakir kröfuliðir stefnanda athugaðir nánar.

Um 1. lið, vinnutekjutap samkvæmt útreikningi Þóris Bergssonar, cand. act.

Stefnandi var 35 ára, þegar hann varð fyrir umræddu slysi. Hann hefur fengið sérfróðan mann um tryggingamál til að reikna út tjón það, sem hann hefur beðið vegna slyssins, og leggur hann útreikning tryggingafræðingsins til grundvallar bótafjárhæð samkvæmt þessum lið, en útreikningur tryggingafræðingsins er meðal annars grundvallaður á framanskráðu örorkumati. Er útreikningurinn, sem dagsettur er 10. maí 1964, svohljóðandi:

„Jón Friðrik Oddsson, Hæðargarði 14, Reykjavík, bifvélavirki, varð fyrir því slysi 21. marz 1963, að þumalfingur vinstri handar hans klemmdist illa. Páll Sigurðsson, tryggingayfirlæknir, hefur í örorkumati, dags. 17. 12. 1963, metið orkumissi Jóns vegna þessa meiðslis þannig:

Í 1 mánuð	100%	örorka
- 1 —	75%	—
- 1 —	50%	—
- 3 mánuði	25%	—
og síðan varanleg örorka 15%.		

Jón er sagður fæddur 27. september 1928 og hefur því verið 34 ára á slysdegi.

Samkvæmt staðfestum afritum af skattframtölum hans árin 1961—1963 hafa vinnutekjur hans þrjú heilu almanaksárin fyrir slysið verið:

	Bifvélavirkjataxti:	Bílstjórataxti	Samtals:
	Dagsbrúnar:		
Árið 1960	kr. 93.709.85		kr. 93.709.85
— 1961	— 41.287.53	kr. 89.303.10	— 130.590.63
— 1962	— 100.214.69	— 56.000.00	— 156.214.69

Ég hef umreiknað þessar vinnutekjur til kauplags á slysdegi og

síðan samkvæmt breytingum á töxtum bifvélavirkja og Dagsbrúnar.

Þannig áætlaðar vinnutekjur eru sýndar í næstu töflu, en þar sést einnig áætlað vinnutekjutap, þegar gert er ráð fyrir, að það sé á hverjum tíma sami hundraðshluti af áætluðum tekjum og örorkan er metin:

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnutekjutap:
1. árið eftir slysið	kr. 164.138.00	kr. 41.341.00
Síðan árlega	— 185.289.00	— 27.793.00

Verðmæti þannig áætlaðs vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr. 36.847.00
Vegna varanlegrar örorku	— 332.169.00

Samtals kr. 369.016.00

Jón hefur fengið greidda dagpeninga frá Tryggingastofnun ríkisins fyrir tímabilið frá 19. 4. 1963 til 20. 5. 1963, samtals kr. 3.488.00, og eingreiðslu 20. 12. 1963 kr. 44.029.00, sem ekki hefur verið dregið frá. Ekki hefur heldur verið gerður frádráttur vegna opinberra gjalda.

Við útreikninginn hef ég notað 7% vexti p. a., dánarlíkur íslenzkra karla samkvæmt reynslu árána 1951—1960 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi samkvæmt sænskri reynslu“.

Aftur hefur tryggingafræðingurinn reiknað út örorkutjón stefnanda, og er sá útreikningur dagsettur 29. júní 1965.

Loks hefur tryggingafræðingurinn reiknað út örorkutjón stefnanda þriðja sinni, og er sá útreikningur dagsettur 9. febrúar 1970 og hljóðar svo:

„Ég hef tvívegis áður reiknað tjón Jóns Friðriks Oddssonar vegna slyss hans 21. marz 1963. Fyrri útreikningurinn er dagsettur 10. maí 1964 og sá síðari 29. júní 1965.

Frá því síðari útreikningurinn er gerður, hafa orðið mjög miklar kauphækkanir jafnframt því, að nú eru notaðir 7% vextir p. a., en í útreikningnum 1965 voru notaðir 6% vextir p. a. Ég hef því umreiknað málið algjörlega.

Byggt er á skattframtölum síðustu þriggja heilu almanaksáranna fyrir slysið eins og í fyrri útreikningum.

Áætlun vinnutekna og vinnutekjutaps.

Umreiknaðar vinnutekjur eru sýndar í næstu töflu. Þar sést einnig áætlað vinnutekjutap, þegar gert er ráð fyrir, að varanlega tapið sé 15% af áætluðum vinnutekjum frá slysdegi, en tíma-bundna tapið sá hundraðshluti af þeim, sem örorkumat læknisins segir til um, að frádregnum 15%:

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnutekjutap	
		v/tímab. örorku:	v/varanl. örorku:
1. árið eftir slysið kr. 164.138.00		kr. 16.720.00	kr. 24.621.00
2. — — — — 190.437.00			— 28.566.00
3. — — — — 226.496.00			— 33.974.00
4. — — — — 260.207.00			— 39.031.00
5. — — — — 257.710.00			— 38.656.00
6. — — — — 288.142.00			— 43.221.00
7. — — — — 326.789.00			— 49.018.00
Síðan árlega — 338.527.00			— 50.779.00

Áætlaðar vinnutekjur á 5. ári eftir slysið eru lægri en á 4. ári vegna verkfallsins í marz 1968.

Verðmæti vinnutekjutaps.

Verðmæti þessa vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku kr. 16.140.00

Vegna varanlegrar örorku — 549.368.00

Kr. 565.508.00

Frádráttur.

1. Jón hefur fengið greidda dagpeninga frá Tryggingastofnun ríkisins fyrir tímabilið frá 19. 4. 1963 til 20. 5. 1963, samtals kr. 3.488.00, og eingreiðslu 20. 12. 1963, kr. 44.099.00, sem ekki hefur verið dregið frá.
2. Ekki hefur verið dregið frá það, sem Jón kann að hafa fengið greitt frá atvinnurekanda sínum fyrst eftir slysið.
3. Ekki hefur verið gerður frádráttur vegna opinberra gjalda. Reiknigrundvöllur.

Við útreikninginn hef ég notað 7% vexti p. a., dánarlíkur ís-lenzkra karla samkvæmt reynslu árána 1951—1960 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi samkvæmt sænskri reynslu“.

Af hálfu stefnda hefur þessum kröfulið verið mótmælt sem allt of háum.

Þegar allt það er virt, sem að framan hefur verið rakið, og þess meðal annars gætt, að tryggingafræðingurinn hefur í tjónútreikningi sínum ekki reiknað frádrátt vegna opinberra gjalda, þykir hæfilegt að meta tjón stefnanda samkvæmt þessum lið kr. 425.000.00.

Um 2. lið, bætur fyrir þjáningar, lýti og röskun á stöðu og högum.

Af hálfu stefnda hefur þessum kröfulið, kr. 40.000.00, verið mótmælt sem langt of háum. Sjúkrasaga stefnanda hefur að nokkru verið rakin í örorkumatsgerð Páls Sigurðssonar læknis hér að framan. Samkvæmt henni og öðru því, sem hér þykir skipta máli, þykir mega taka þennan lið til greina óbreyttan.

Um liði 3—5, útlagðan kostnað.

Þessum liðum, samtals kr. 6.750.00, hefur ekki verið mótmælt tölulega. Verða þeir því teknir til greina óbreyttir.

Samkvæmt þessu telst tjón stefnanda, þ. e. það, sem hér skiptir máli, nema alls kr. 471.750.00 (kr. 425.000.00 + 40.000.00 + 6.750.00).

Frá þessari upphæð ber að draga $\frac{3}{4}$ hluta, þ. e. hluta stefnanda sjálfs í sökinni, eða kr. 353.812.50, svo og þær kr. 47.517.00, sem stefnandi hefur þegar fengið greiddar frá Tryggingastofnun ríkisins, eða samtals kr. 401.329.50.

Ber því stefnda að greiða stefnanda alls kr. 70.420.50 ásamt 7% ársvöxtum frá 21. marz 1963 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 12.500.00.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Sigurgesti Guðjónssyni og Valdimar Leonhardssyni bifvélavirkjameisturum.

Dómsorð:

Stefndi, Íslenzkir Aðalverktakar s/f, greiði stefnanda, Jóni Friðriki Oddssyni, kr. 70.420.50 ásamt 7% ársvöxtum frá 21. marz 1963 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðslu-

dags og kr. 12.500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lög-
birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 30. apríl 1971.

Nr. 33/1970. **Vökull h/f**

(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.)

gegn

Jóni N. Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni

f. h. A/B Frödins Marknadskonsulting

(Jón N. Sigurðsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. febrúar 1970. Krefst hann þess, að honum verði dæmd sýkna af öllum kröfum stefnda og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi reisir sýknukröfu sína á aðildarskorti. Af hálfu hans var sótt þing í héraði, en málið var dómtekið, án þess að hann andmælti kröfum stefnda. Áfrýjandi hefur eigi fullnægt skilyrðum 45. gr. laga nr. 57/1962, og koma því málsástæður hans eigi til álita í Hæstarétti. Samkvæmt þessu ber að staðfesta héraðsdóminn að öðru en því, að ársvextir ákveðast 7%. Ber að dæma áfrýjanda til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 9.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að ársvextir ákveðast 7% af hinni dæmdu fjárhæð frá 1. febrúar 1968 til greiðsludags.